

Nd.

609. Nefndarállt

um frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 271).

Frumvarp þetta er lagt fyrir þingið af stjórninni, og komið hingað frá efri deild. Nefndin hefir athugað frumvarpið og fallist á það í flestum atriðum, sem þarfa rjettarbót, en leggur þó til, að á því verði gerðar all-margar orðabreytingar, sem ekki þurfa skýringa við, og fáeinar efnisbreytingar, er hjer skal í stuttu máli gerð grein fyrir.

Í 7. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að stjórnendur sparisjóða og starfsmenn megi ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, nema *fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fgrir*. Nefndin telur tryggilegra, að um lántökur gildi sama og um ábyrgðir, að stjórnendur og starfsmenn megi alls ekki takast á hendur neinar slíkar skuldbindingar gagnvart sjóðnum, meðan þeir gegna tjeðum störfum.

Þá er svo ákveðið í 9. gr. frumvarpsins, að starfsmenn sparisjóða, fje-hirðir og bókari, megi ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, *ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða þar yfir*. Með því að oft getur staðið svo á, að haganlegra sje og kostnaðarminna, að stjórnendur sjóðsins hafi störf þessi með höndum, enda ekki sýnilegt, að það út af fyrir sig þurfi að veikja traust sjóðsins eða valda neinum vandkvæðum, jafnvel þó upphæð innstæðufjárins sje meiri en hjer er tiltekin, þykir nefndinni ekki brýn nauðsyn að banna tjeð fyrirkomulag með lögum.

Í 12. og 19. gr. er stjórnarráðinu heimilað, að setja reglur um bóktærslu sparisjóða og um endurskoðun á reikningum þeirra og bókum. Þetta telur nefndin svo mikilsvarðandi til tryggingar glöggri bókun og reikningshaldi, að það eigi ekki að eins að vera heimilt, heldur skylt, að setja þær reglur.

Þá er svo ákveðið í 17. gr., að af eignum varasjóðs skuli jafnan vera svo mikið handbært, *að það nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu*. Jafnvel þó æskilegt væri, að ekkert af fje varasjóðs sje haft til útlána, nema það, sem um fram er tjeð lágmark, þykir hætt við, að það mundi reynast örðugt í framkvæmdinni. Nefndin vill því leggja það til, að það verði látið nægja, að af fje varasjóðs sje að minsta kosti 5% af innstæðufjenu handbært í peningum, inneign í bönkum eður í auðseldum verðbrjefum, því fremur, sem svo er til skilið í 13. gr., að sparisjóðir þeir, er geyma 50 þús. kr. innstæðufje eður meira, skuli *auk varasjóðs eiga innistandandi í bönkum minst 5% af innstæðufjenu eða trygg verðbrjef fyrir slíkri upphæð*.

Um leið og gerðar eru nýjar og strangari kröfur til sparisjóða, er sum-part draga úr arði af innstæðufje þeirra, og sumpart baka þeim aukin útgjöld, þykir sanngjarnt, að veita þeim nokkur fleiri hlunnindi en þeir hafa nú, í líkingu við samskonar rjettindi Landsbankans og Söfnunarsjóðsins. Einkum eru það tvö atriði, sem hjer geta komið til greina, annað það, að sparisjóðsinnlög, að vöxtum meðtöldum, sjeu undanþegin kyrsetning og löghaldi, og annað það, að sparisjóðir, sem eru almenningsseign, sjeu ekki að eins undanþegnir tekjuskatti, heldur einnig útsvari. Þar að lútandi ákvæði, telur nefndin því rjett að taka upp í frumvarpið.

Hið eina, sem nefndin hefir ekki orðið ásátt um, er fyrirkomulag á eftirliti með starfsemi sparisjóða (sbr. 22. og 23. gr. frumvarpsins), og mun minni hlutinn gera grein fyrir afstöðu sinni í sjerstöku ágreiningsáliti.

Samkvæmt framansögðu er það tillaga meiri hlutans, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, er nefndin flytur á sjerstöku skjali.

Neðri deild Alþingis 28. ágúst 1913.

Lárus H. Bjarnason,
formaður.

M. J. Kristjánsson,
framsögum. meiri hlutans.

Pjetur Jónsson.

Með skírskotun til ágreiningsálits.

Ólafur Briem,
skrifari.

Kristinn Danielsson,
með fyrirvara.